

73
4. júlí

25. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 22 1. febr. 1936.

Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

74
4. júlí

L Ö G

um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Siglufjarðarkaupstað kirkjujörðina Hvanneyri frá 1. jan. 1943 að telja.

Land það, er Siglufjarðarkaupstaður eignast í þessum kaupum, er honum óheimilt að selja, en heimilt er honum að leigja það, og fer um leiguna samkv. reglugerð, er ríkisstjórnin samþykkir. Leigumáli lóða þeirra, er síldarverksmiðjur ríkisins nú hafa á leigu, skal þó framlengjast áfram óbreyttur, að núverandi leigutíma loknum, ef stjórn síldarverksmiðja ríkisins krefst þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

75
4. júlí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist: Þó er heimilt að greiða styrk lestrarfélögum í kauptúnum, þótt sýslubókasafn sé þar starfandi, ef það hefur eigi sams konar bóka-kost.